

Reykjavík 14. janúar 2021

USK2021010061

8.3

Efni: Öryggi leiktækja

Alvarlegt slys varð í nóvember 2020 á skólalóð Snælandsskóla í Kópavogi og fjallað hefur verið um málið í fjölmiðlum undanfarið. Skóla- og frístundarsvið óskaði eftir áliti á því hvort sambærilegar slysagildirur kynnu að vera á skóla- eða leikskólalóðum Reykjavíkurborgar.

Verkfræðistofan EFLA sá um rekstrarskoðanir leik- og grunnskóla árið 2020 var falið að gera minnisblað um úttektina. Niðurstaða þeirra er:

Við yfirferð á skráðum frávikum í eignausmjónarkerfi kom í ljós að ekkert frávik varðar álíka hættu og fyrir hendi var í umræddu slysi.

Hér er ekki um ítarlega úttekt að ræða heldur var unnið með gögn úr eignarumsjónarkerfi borgarinnar sem verkfræðistofan vann fyrir Reykjavíkurborg. Ennfremur kemur fram í minnisblaðinu:

Fallvörn er þó einungis fullvirk þegar fallundirlagið er ófrosið. Allir staðlar og vottanir leiktækja gera ráð fyrir þessum takmörkunum.

Við vetraraðstæður geta ýmis leiktæki reynst hættuleg vegna hálfu og frosts í fallundirlagi. Þess vegna þurfa skólastjórnendur m.a. að skoða hvort nauðsynlegt sé að takmarka notkun leiktækja við þessar aðstæður.

Ágúst Már Gröndal
Ráðgjafaverkfræðingur opinna svæða



MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI
3336-961-MIN-001-V02	Öryggi leiktækja
DAGS.	VERKKAUPI
12.01.2021	Reykjavíkurborg
SENDANDI	DREIFING
Baldur Gunnlaugsson	Ágúst Már Gröndal

MÁLEFNI

Minnisblað þetta varðar öryggi leiktækja í eigu/rekstri Reykjavíkurborgar. Alvarlegt slys varð í nóvember 2020 á skólalóð Snælandsskóla í Kópavogi og fjallað hefur verið um málið í fjölmiðlum undanfarið. Ágúst Már Gröndal óskaði eftir álit á því hvort sambærilegar slysagildirur kynnu að vera á skóla- eða leikskólalóðum Reykjavíkurborgar.

Lýsing

Fram hefur komið í fjölmiðlum að um er að ræða kastala með tveimur turnum og með klifureiginleikum m.a. er gert ráð fyrir að börn geti klifrað á milli turnanna á þar til gerðum pöllum. Kastalaturrnarnir eru því ekki tengdir saman með brú, hengibrú, neti eða klifurstiga. Fallundirlag tækisins er fallvarnarsvampur og gervigras. Einnig hefur komið fram að kastalinn uppfylli gildandi staðla.

Undirritaður framkvæmdi lögbundnar rekstrarskoðanir á öllum leiksvæðum borgarinnar árið 2020. Við rekstrarskoðun eru öll frávik, m.a. frávik frá stöðlum, skráð og þeim gefin einkunn eftir alvarleika. Skráningar eru framkvæmdar og vistaðar í þar til gerðum gagnagrunni fasteigna Reykjavíkurborgar (eignarumsjónarkerfi). Þess má geta að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar framkvæmir einnig rekstrarskoðanir með sama hætti.

Það skal áréttað að öll leiktæki sem sett eru upp til notkunar á leiksvæðum í rekstri borgarinnar skulu uppfylla gildandi staðal (EN 1176) og allt fallundirlag sem sett er á leiksvæði í rekstri borgarinnar skal uppfylla gildandi staðal (EN 1177). Fallvörn er þó einungis fullvirk þegar fallundirlagið er ófrosið. Allir staðlar og vottanir leiktækja gera ráð fyrir þessum takmörkunum. Við vetraraðstæður geta ýmis leiktæki reynst hættuleg vegna hálku og frosts í fallundirlagi.

Niðurstaða

Við yfirferð á skráðum frávikum í eignarumsjónarkerfi kom í ljós að ekkert frávik varðar álíka hættu og fyrir hendi var í umræddu slysi. Undirrituðum er ekki kunnugt um leiktæki af sambærilegri gerð/eiginleikum og hér um ræðir.

Hér er ekki um ítarlega úttekt að ræða heldur voru kallaðar fram upplýsingar úr gagnagrunni borgarinnar. Einnig var stuðst við gögn og upplýsingar skoðunarmanns frá rekstrarskoðunum 2020. Ekki var gerð sérstök úttekt eða skoðun á leiktækjum vegna minnisblaðs þessa.

Baldur Gunnlaugsson